

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Alur Álvinnsla (áður Kratus ehf.) Hvalfjörður



Dags eftirlits	18.6.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Alur Álvinnsla (áður Kratus ehf.)	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Brynja Silness	ÍSAT nr.	3832
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	64,355088 -21,788370

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar settar fram. Útstandandi eru fimm eldri frávik og mun Umhverfisstofnun óska eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna þeirra.

### UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í Al álvinnslu á Grundartanga og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

- Staða úrbóta
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir útstandandi frávik og stöðu úrbóta. Í yfirliti yfir frávik og stöðu þeirra sem birt var með eftirlitsskýrslu 12. janúar 2024 kom fram að enn væru opin fimm frávik er varða geymslu saltköku í gámum á athafnasvæði rekstraraðila, styrk vetnisflúoríðs í útblæstri og rykmengun um innkeyrsludyr á suðurhlíð verksmiðjuhúss.

Fram kom í eftirlitinu að unnið væri að skipulagi og úrvinnslu saltköku sem geymd er í gámum á athafnasvæðinu. Þá hefði rekstraraðili óskað eftir viðbótarmælingu á útblæstri, en skv. upplýsingum frá rekstraraðila hafa þær mælingar sem gerðar hafa verið ekki verið lýsandi fyrir útblástur frá verksmiðjunni.

Unnið hefur verið að pokaskiptum og uppsetningu viðbótarhreinsivirkis við verksmiðjuna. Þá eru unnið að frágangi lóðarinnar norðan og austan verksmiðjuhússins.

Rekstraraðili hefur unnið að tilraunastarfsemi fyrir endurvinnslu saltköku með saltromex ferli, verkefnið er í tilraunafasa til þriggja ára, eða til ársins 2025. Fram kom í eftirlitinu að fyrirtækið hefði bætt við sig starfsmönnum til að sinna þessu verkefni og vonir standa til að hægt verði að skala upp verkefnið þannig að endurvinnsla á saltökunni geti farið fram hér á landi.

Farið var í skoðunarferð um athafnasvæði rekstraraðila. Ekki var tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.08.2024

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir